

**389. fundur fræðslunefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 1. mars 2018 og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Martha Kristín Pálmadóttir aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sif Huld Albertsdóttir varamaður og Auður Helga Ólafsdóttir varamaður.

**Embættismenn:**

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamál: Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda, Laufey Eyþórsdóttir, fulltrúi kennara.

Áheyrnafulltrúi fyrir leikskólamál: Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi skólastjórnenda, Bryndís Gunnarsdóttir, fulltrúi kennara og Catherine Chambers, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064**

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

*Gert var grein fyrir þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.*

**2. Lýðháskólinn Flateyri - 2018020059**

Lagt fram erindi frá Helenu Jónsdóttur framkvæmdastjóra félags um stofnun lýðháskóla á Flateyri.

*Fræðslunefnd þakkar erindið og vísar málinu til bæjarráðs til afgreiðslu.*

**3. Skóladagatöl 2018-2019 - 2018020101**

Lagt fram skóladagatal frá Grunnskólanum á Ísafirði fyrir skólaárið 2018- 2019

*Fræðslunefnd samþykkir skóladagatalið.*

**4. Jafnréttisáætlun 2018-2021 - 2018020102**

Lögð fram Jafnréttisáætlun 2018-2021 frá Grunnskólanum á Ísafirði.

*Fræðslunefnd þakkar fyrir ágætis áætlun.*

**5. Reglur um skólaakstur í grunnskólum - 2018020058**

Kynnt drög að reglum um skólaakstur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar.

*Fræðslunefnd leggur til að málinu verði frestað.*

**6. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048**

Kynnt staðan á vinnu við endurskoðun skólastefnu Ísafjarðarbæjar.

*Lagt fram til kynningar. Unnið verður áfram að endurskoðun skólastefnu Ísafjarðarbæjar hjá skóla- og tómstundasviði og stýrihópi.*

**7. Reiknilíkan fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar - 2017120066**

Lagt fram minnisblað frá Margréti Halldórsdóttur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs, er varðar fjölda barna og stöðugilda á leikskólunum ísafjarðarbæjar.

*Fræðslunefnd leggur til við bæjarstjórn að í skrefum verði börnum fækkað á hvern kennara og að í upphafi verði börnum 1-2 ára fækkað á hvern kennara.*

**8. Foreldra- og starfsmannakannanir á leikskólunum Sólborg og Eyrarskjóli 2014-2017 - 2018020109**

Lagt fram minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa er varðar foreldra- og starfsmannakannanir leikskólanna Sólborgar og Eyrarskjóls árin 2014-2017.

*Fræðslunefnd þakkar fyrir upplýsingarnar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:03**

---

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

---

Bragi Rúnar Axelsson

---

Martha Kristín Pálmadóttir

---

Elísabet Samúelsdóttir

---

Sif Huld Albertsdóttir

---

Auður Helga Ólafsdóttir

---

Margrét Halldórsdóttir

---

Guðrún Birgisdóttir